Innra mats skýrsla
Grunnskólans á Þórshöfn
2025-2026

Umbótaáætlun
2026-2027

Efnisyfirlit

Inngangur 2
Langtímaáætlun 2024-2028 3
Skólapúlsinn 4
Nemendakönnun Skólapúlsins, 6. – 10.bekkur 4
Mestur árangur síðustu ár 4
Helstu áskoranirnar fram undan 4
Yfirlitsmynd 5
Þróun síðustu ár 6
Stöðugt gott 7
Á niðurleið eða hefur verið viðvarandi áskorun 7
Opin svör 8
Nemendakönnun Skólapúlsins, 2. - 5. bekkur 9
Styrkleikar 9
Helstu atriði til að fylgjast með 9
Yfirlitsmynd 10
Íslenska æskulýðsrannsóknin 11
Helstu styrkleikar 11
Helstu veikleikar 11
Leiðsagnarnám 12
Niðurstöður starfsmannkönnunar 12
Starfsmannasamtöl 14
Umbótaáætlun 15

Inngangur

Í þessari innra matsskýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr reglubundnu sjálfsmati skólans. Byggt er á gögnum úr Skólapúlsi og Íslensku æskulýðsrannsókninni. Einnig er fjallað um niðurstöður könnunar sem tengist innleiðingu og framkvæmd leiðsagnarnáms, þar sem markmiðið er að efla námsárangur, ábyrgð og virkni nemenda í eigin námi. Jafnframt er stuðst við upplýsingar úr starfsmannasamtölum.

Á grundvelli þessara niðurstaðna er dregin upp mynd af helstu styrkleikum skólans og þeim áskorunum sem fram undan eru. Í lok skýrslunnar er sett fram umbótaáætlun sem miðar að því að nýta niðurstöðurnar til að efla faglegt starf, styrkja námsumhverfi og stuðla að áframhaldandi þróun og framförum í skólastarfinu.

Langtímaáætlun 2024-2028

Langtímaáætlun um innra mat við Grunnskólann á Þórshöfn

Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Nám og kennsla				
Inntak náms	X		X	
Árangur og framfarir	X	x	X	x
Skipulag náms	X		X	
Námsumhverfi	X		x	
Kennsluhættir og gæði	x			
Námshættir og námsvitund	x	X	X	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x			X
Menntun fyrir alla	x			x
Mannauður				
Fagmennska starfsfólks	X		X	
Starfsþróun	X		X	
Starfsánægja og líðan	X		X	
Aðbúnaður á vinnustað	x		X	
Stjórnun og skipulag				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X	
Stjórnun skólans	X		X	
Faglegt samstarf	X		x	
Skólaþróun		X		X
Skólanámskrá	X			X
Starfsáætlun	X	X	x	X
Aðrar áætlanir	x	X	X	X
Verklagsreglur	x	X	x	X
Stundaskrá nemenda	x	X	x	X
Skólabragur				
Viðmót og menning	X	X	X	X
Velferð og líðan nemenda	X	X	X	X
Samstarf skóla og heimila	x		x	
Innra mat				
Framkvæmd innra mats	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar mats	x	x	x	X

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er hluti af sjálfsmati/innra mati skólans og eru nemendakannanir lagðar fyrir á hverju ári og starfsmanna- og foreldrakannanir annað hvert ár, á oddatölum.

Kannanir fyrir 6.-10.bekk eru lagðar fyrir í október og apríl og fyrir 1.-5.bekk í apríl.

Niðurstöður eru settar á heimasíðu skólans undir „Hagnýtt“ og „Skólapúlsinn“

Að lesa úr töflunum:

Tölurnar í reitnum „Breyting“ er breyting frá fyrra ári. Þar viljum við hafa grænar tölur því þá er bæting frá fyrra ári.

Reiturinn „Mismunur“ eru okkar niðurstöður miðað við landsmeðaltal . Þar viljum við einnig vera með grænar tölur.

Þær tölur sem eru stjörnumerktar í reitnum „Mismunur“ sýna mikið frávik frá landsmeðaltali.

Á línuritum, (sjá PDF skjöl á heimasíðunni) viljum við vera fyrir ofan línuna sem sýnir landsmeðaltal í öllum þáttum nema einelti, þá viljum við vera sem lengst niðri.

Nemendakönnun Skólapúlsins, 6. – 10.bekkur

Mestur árangur síðustu ár

- Trú á eigin námsgetu
- Sjálfsálit
- Ánægja af náttúrufræði
- Lestur
- Jákvæður agi og gott samband við kennara helst mjög gott

Helstu áskoranirnar fram undan

- Stjórn á eigin lífi
- Þrautseigja í námi
- Vellíðan er að batna en er enn undir viðmiðum

Skólinn hefur náð mjög góðum árangri í að styrkja sjálfstraust nemenda, trú þeirra á eigin getu og áhuga á lestri og náttúrufræði. Næstu skref ættu einkum að beinast að því að efla þrautseigju, ábyrgð og upplifun nemenda af því að hafa stjórn á eigin námi og lífi.

Yfirlitsmynd

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	56	0,1	4,3	17.832	0,4
1.2. Þrautseigja í námi	4,0	56	-0,1	4,6	17.991	**-0,6***
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,0	56	-0,1	4,7	18.267	**-0,7***
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,6	56	0,8	4,6	18.248	0,0
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	56	-	4,8	17.944	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,7	56	0,6	4,9	18.200	-0,2
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	75,0%	$42_{/56}$	1,7%	73,3%	$12786_{/17796}$	1,7%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,1 klst.	42	-0,1 klst.	0,4 klst.	12.747	**-0,3 klst.***

2. Líðan og velferð

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,3	56	0,5	4,4	17.895	-0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	3,7	56	0,1	4,4	17.816	**-0,7***
2.3. Vellíðan	4,3	56	0,1	4,6	18.073	-0,3
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	16	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,1	56	-0,2	5,7	18.039	**-0,6***
2.6. Tíðni eineltis	12,5%	$7_{/56}$	4,0%	15,8%	$2898_{/17933}$	-3,3%
2.7. Staðir eineltis	-	7	-	-	-	-
2.8. Í mat í skólanum	92,9%	$52_{/56}$	-5,4%	75,0%	$13628_{/17968}$	**17,9%***
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	42,6%	$23_{/54}$	-17,4%	45,0%	$6848_{/15220}$	-2,4%

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,7	55	0,2	4,9	17.727	-0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	5,4	56	-0,1	4,9	17.936	**0,5***
3.3. Agi í tímum	6,5	56	0,4	4,9	17.914	**1,6***
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	56	-0,3	4,9	17.850	0,4
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,2	56	0,0	4,9	17.857	0,3

Þróun síðustu ár

Á réttri leið

Trú á eigin námsgetu.

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,8	4,8
2024-25	4,1	4,8
2025-26	4,7	4,9

Nemendur hafa því aukið trú á eigin getu verulega á síðustu tveimur árum. Þó skólinn sé enn aðeins undir landsmeðaltali er þróunin mjög jákvæð.

Sjálfsálit

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,5	4,3
2024-25	3,8	4,4
2025-26	4,3	4,4

Sjálfsálit hefur hækkað jafnt og þétt og er nú í sinni bestu stöðu í mörg ár.

Ánægja af náttúrufræði

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,5	4,2
2024-25	3,8	4,3
2025-26	4,6	4,6

Mjög sterk framför á einu ári. Skólinn er nú kominn upp að landsmeðaltali eftir nokkur ár undir því.

Lestur

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,8	4,2
2024-25	4,6	4,3
2025-26	4,7	4,4

Lestur virðist hafa náð sér vel á strik eftir lægðina 2023-24.

Agi í tímum

Ár	GÞ	Landið
2023-24	5,4	4,7
2024-25	6,1	4,8
2025-26	6,5	4,9

Núverandi staða mjög sterk, 6,5 á móti 4,9 á landsvísu. Þetta er einn af skýrustu styrkleikum skólans í dag.

Stöðugt gott

Samband nemenda og kennara
Niðurstaðan er 5,4 og yfir landsmeðaltali. Þetta virðist vera viðvarandi styrkleiki skólans.

Virk þátttaka í tímum
Niðurstaðan 5,3 er yfir landsmeðaltali og bendir til að nemendur taki almennt virkan þátt í náminu.

Leiðsagnarmat
Niðurstaðan 5,2 er einnig yfir landsmeðaltali og virðist hafa haldist nokkuð stöðug.

Á niðurleið eða hefur verið viðvarandi áskorun

Stjórn á eigin lífi.

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,6	4,3
2024-25	3,6	4,3
2025-26	3,7	4,4

Hér sést langtíma lækkun sem hefur ekki náð að snúast við nema að mjög litlu leyti. Nemendur upplifa almennt minni stjórn á eigin aðstæðum en jafnaldrar þeirra annars staðar á landinu.

Þrautseigja í námi

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,4	4,4
2024-25	4,1	4,5
2025-26	4,0	4,6

Það varð viss uppsveifla í fyrra en hún hefur ekki haldið áfram. Skólinn er enn töluvert undir landsmeðaltali.

Áhugi á stærðfræði

Ár	GÞ	Landið
2023-24	3,5	4,5
2024-25	4,1	4,6
2025-26	4,0	4,7

Áhugi á stærðfræði hefur verið lágur í mörg ár og þrátt fyrir smá bata er hann enn undir landsmeðaltali.

Vellíðan

Ár	GÞ	Landið
2023-24	4,1	4,4
2024-25	4,2	4,4
2025-26	4,3	4,6

Vellíðan hefur batnað en er enn undir landsmeðaltali.

Opin svör

Í Skólapúlsi eru opin svör þar sem nemendur fá tækifæri til að skrifa hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann og hvað þeim þykir slæmt eða megi betur fara í skólanum.

Hvað er jákvætt

„Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann.“

6.–7. bekkur
Nemendur lýsa almennt mjög jákvæðu viðhorfi til skólans og nefna margir að þeim líki „allt“ eða „næstum því allt“ við skólagönguna. Sérstaklega eru nefndir góðir kennarar, vinir og góð samskipti, auk þess sem nemendur kunna að meta húsnæði skólans, útsýnið, íþróttir og aðstöðuna.

8.–10. Bekkur
Nemendur leggja áherslu á góð félagsleg tengsl, þar sem flestir þekkja hver annan og vinir skipta miklu máli. Jafnframt eru nefndir hjálpsamir kennarar, góð aðstaða, íþrótta- og sundaðstaða, staðsetning skólans, góður matur og tækifæri til hreyfingar og vellíðanar. Nokkrir nemendur nefna einnig að þeir kunni að meta rólegt umhverfi, langar hádegishlé og skipulag kennslu.

Samantekt fyrir alla nemendur
Í svörum nemenda kemur fram að stærstu styrkleikar skólans felast í jákvæðum samskiptum, vináttu og góðu félagslegu umhverfi. Nemendur meta einnig stuðning kennara, góða aðstöðu, íþróttaiðkun og að skólinn stuðli að vellíðan og hreyfingu. Almennt endurspegla svörin ánægju með skólasamfélagið og daglegt skólastarf.

Hvað má betur fara

„Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í skólanum þínum“

6.–7. bekkur
Í svörum nemenda koma fram fáar afmarkaðar umbótatillögur en helst eru nefnd atriði tengd aðstöðu og vinnuumhverfi, svo sem þægilegri setaðstaða og notkun spjaldtölva. Einnig nefna sumir nemendur hávaða og læti í skólastarfinu, á meðan aðrir telja að meiri sveigjanleiki í kennslustundum gæti verið jákvæður.

8.–10. bekkur
Nemendur nefna helst húsnæðis- og aðstöðumál sem umbótatækifæri, þar á meðal plássleysi, þrengsli og göngur milli kennslurýma, mötuneytis og íþróttaaðstöðu. Einnig koma fram ábendingar um matseðla og gæði matar, auk óska um aukinn sveigjanleika varðandi reglur um símanotkun og nestistíma. Nokkrir nemendur nefna jafnframt þörf fyrir meiri einstaklingsmiðaðan stuðning, réttláta meðferð allra nemenda og betri félagslega líðan innan skólans.

Samantekt fyrir alla nemendur

Helstu umbótatækifæri sem nemendur benda á tengjast húsnæði og aðstöðu, skipulagi skóladagsins, matarmálum og námsumhverfi. Einnig koma fram ábendingar um mikilvægi þess að hlustað sé á ólíkar þarfir nemenda, efla stuðning og stuðla að jákvæðum samskiptum og aukinni vellíðan í skólasamfélaginu.

Nemendakönnun Skólapúlsins, 2. - 5. bekkur

Styrkleikar

Vellíðan í skólanum mælist 5,3 á móti 5,2 á landsvísu.

Nemendur upplifa almennt öryggi, umhyggju og hamingju í skólanum.

Sérstaklega er athyglisvert hversu sterkar niðurstöður eru í 2. bekk:

Þáttur	GÞ	Landið
Ánægja af lestri	5,5	5,0
Ánægja með skólann	6,1	5,6
Vellíðan í skólanum	6,7	5,5

Allt er þetta yfir landsmeðaltali og vellíðan í skólanum er sérstaklega sterk.

Ánægja með skólann
Heildarniðurstaða er 5,2, nákvæmlega sama og landsmeðaltal.
Nemendum líður almennt vel og finnst gaman í skólanum.

Helstu atriði til að fylgjast með:

Ánægja af lestri hefur dalað frá fyrra ári
Þróunin síðustu ár:

Ár	GÞ	Landið
2023	4,6	4,8
2024	5,1	4,8
2025	4,7	4,8

Þó niðurstaðan sé nálægt landsmeðaltali hefur orðið lækkun frá fyrra ári.

Ánægja með skólann lækkar frá fyrra ári

Ár	GÞ	Landið
2023	5,9	5,2
2024	5,6	5,1
2025	5,2	5,2

Skólinn er enn á landsmeðaltali, en þróunin er niður á við síðustu tvö ár.

Vellíðan hefur aðeins lækkað

Ár	GÞ	Landið
2023	5,6	5,2
2024	5,7	5,1
2025	5,3	5,2

Vellíðan er enn góð og yfir landsmeðaltali en hún hefur lækkað frá hæstu mælingum síðustu ára.

Sérstaklega vert að skoða 3. bekk, sá bekkur kemur veikar út en aðrir árgangar:

Þáttur	Niðurstaða	Landið
Ánægja af lestri	4,4	5,1
Ánægja með skólann	4,4	5,3
Vellíðan	5,5	5,5

Vellíðan er á pari við landið en ánægja með lestur og skólann er undir landsmeðaltali.

Nemendum í 2.-5. bekk líður almennt vel í skólanum, þeir eru ánægðir með skólann. Sérstaklega kemur 2. bekkur mjög vel út. Helstu verkefni fram undan eru að viðhalda góðri vellíðan og skoða hvernig megi efla áhuga á lestri og ánægju með skólann, sérstaklega hjá 3. bekk þar sem niðurstöður eru veikari en hjá öðrum árgöngum.

Yfirlitsmynd

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	5,5	6	-0,9	5,0	984	0,5
1.2. Ánægja af lestri 3.b	4,4	5	-0,9	5,1	1.013	-0,7
1.3. Ánægja af lestri 4.b	-	-	-	-	-	-
1.4. Ánægja af lestri 5.b	-	-	-	-	-	-
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,7	18	-0,4	4,8	4.017	-0,1

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	6,1	6	-1,1	5,6	984	0,5
2.2. Ánægja með skólann 3.b	4,4	5	-1,4	5,3	1.016	-0,9
2.3. Ánægja með skólann 4.b	-	-	-	-	-	-
2.4. Ánægja með skólann 5.b	-	-	-	-	-	-
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	5,2	18	-0,4	5,2	4.019	0,0

3. Vellíðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan í skólanum 2.b	6,7	6	0,3	5,5	981	1,2*
3.2. Vellíðan í skólanum 3.b	5,5	5	0,4	5,5	1.011	0,0
3.3. Vellíðan í skólanum 4.b	-	-	-	-	-	-
3.4. Vellíðan í skólanum 5.b	-	-	-	-	-	-
3.5. Vellíðan í skólanum 2.-5.b	5,3	18	-0,4	5,2	4.010	0,1

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Helstu styrkleikar

Líkar vel í skólaum

- 87% nemenda segja að þeim líki vel í skólanum. Landsmeðaltal er 85%

Mikið traust til kennara

- 81% nemenda treysta kennurum sínum. Landsmeðaltal er 70%

Tíðni höfuðverkja hefur minnkað

Ár	GÞ	Landið
2023	33%	28%
2024	38%	27%
2025	32%	26%
2026	23%	23%

Helstu veikleikar

Svefnvandamál

- 37% nemenda eiga reglulega erfitt með svefn.
- Þetta er töluvert yfir landsmeðaltali sem er 28%.

Kvíði

- 37% upplifa kvíða vikulega eða oftar. Landsmeðaltal er 28%.

Áfengisnotkun er yfir landsmeðaltali

Leiðsagnarnám

Niðurstöður starfsmannkönnunar

Skóli: Grunnskólinn á Þórshöfn				
	Eru á góðri leið 60 – 84% svara á alltaf við eða lang oftast			
	85 – 100% svara á alltaf við eða lang oftast – er lokatakmarkið			
Samantekt úr mati á virkni leiðsagnarnáms – Viðmið að **85%** svari á **alltaf/oftast við**				
Ártal fyrirlagnar	**24**	**25**	**26**	**27**
Skipulag náms með áherslu á hlutdeild og þátttöku nemenda				
Ég vinn markvisst að því að nemendur geti tekið ábyrgð á námi sínu	46	56	67	
Ég vek athygli á vaxandi hugarfari og hrósa nemendum fyrir það	64	33	11	
Ég kenni nemendum að mistök eru til að læra af þeim	100	89	78	
Ég hef miklar væntingar til allra nemenda minna og ætlast til að þeir leggi sig allir fram	73	89	78	
Ég legg áherslu á að vekja áhuga nemenda minna á viðfangsefninu og geri það merkingarbært	64	67	67	
Námsumhverfið er vel skipulagt. Námsgögn og bjargir sýnilegar og aðgengilegar fyrir alla	82	100	56	
Námsmat er fjölbreytt og niðurstöður eru nýttar til að aðlaga verkefni og námsumhverfi að þörfum.	64	78	67	
Ég legg áherslu á að leggja fyrir verkefni sem bjóða upp á ólíka útfærslu eftir mismunandi getu nemenda	64	89	33	
Skýra, deila og skilja námsmarkmið og viðmið				
Ég upplýsi nemendur mína og foreldra þeirra um hvaða hæfni nemendur eiga að tileinka sér á skólaárinu og á einstökum tímabilum	27	11	0	
Ég tala um hvað nemendur mínir séu að læra, frekar en að gera	18	67	44	
Ég geng úr skugga um að allir nemendur viti hvað þeir eiga að gera áður en vinnan hefst	91	100	67	
Ég sýni nemendum mínum hvernig vel unnið verkefni getur verið með því t.d. að nýta fyrirmyndir	46	11	67	
Ég stuðla að því að nemendur hugsi um nám sitt	55	78	33	
Ég læt nemendur mína hafa viðmið þ.e. þeir vita hvað þeir þurfa að gera til að markmiðinu verði náð	46	44	22	
Nemendur mínir taka þátt í að ákveða viðmið	0	0		

Þegar kennslustundinni/lotunni lýkur eiga nemendur að geta sagt hvað þeir hafa lært	9	22	33	
Endurgjöf sem veitir upplýsingar um næstu skref í námi				
Ég kanna skipulega hversu vel nemendum vegnar og bregst við því (endurgjöf til kennara)	46	67	56	
Ég gef lýsandi endurgjöf sem hjálpar nemendum að bæta nám sitt	46	56	33	
Nemendur fá tíma til að nýta endurgjöfina	27	44	22	
Ég hrósa nemendum fyrir að leggja sig fram frekar en fyrir getu/hæfni	73	89	78	
Samræður nemenda eru eitt helsta einkenni leiðsagnarnáms				
Ég nota markvissar spurningar sem stuðla að samræðum nemenda til að örva hugsun þeirra, auka áhuga og greina stöðu	36	56	56	
Ég kanna forþekkingu nemenda minna og byggi námið á henni	27	44	67	
Ég nota samæður markvisst með nemendum og nota samræðuaðferðir sem kynntar hafa verið í leiðsagnarnáminu	18	33	33	
Við undirbúning kennslu hef ég þessi atriði í huga				
Hvers vegna koma nemendur í kennslustundina	55	33	33	
Hvað eru þeir að læra / hvaða hæfni eru þeir að tileinka sér eða efla, hvaða hæfniviðmið námskrár liggja til grundvallar?	64	33	44	
Hvernig ætla ég þeim að vinna? Hafa nemendur val um efni eða námsaðferðir...	55	33	22	
Hlutverk námsfélaga er að ræða saman um námið og skipuleggja saman. Þannig auka þeir í sameiningu gæði náms hvors annars				
Ég æfi nemendur mína í að vera góðir námsfélagar	36	33	22	
Ég skipti reglulega um námsfélaga og geri það með tilviljunum	27	33	22	
Ég læt námsfélaga ræða einstakar spurningar í afmarkaðan tíma til að dýpka skilning þeirra á náminu	18	11	11	
Ég kenni nemendum mínum að vinna í hópum þar sem allir hafa hlutverk og ábyrgð	36	33	44	
Ég þjálfa nemendur mína í að veita og taka við jafningjamati	27	11	0	
Þróunarhringurinn – Ígrundun				

Teymið mitt hittist reglulega á fundum	100	100	89	
Við fórum vel yfir þróunarhringinn á fundum	73	56		
Við nýttum okkur efnið sem lagt var til grundvallar	64	89	44	
Okkur gekk vel að fara í gegnum þrep **B** (leiðtogi leiðir samræður teyma um aðferðir og skipulag)	64	67	0	
Okkur gekk vel að fara í gegnum þrep **C** (framkvæmd í kennslu)	64	33	0	
Okkur gekk vel að fara í gegnum þrep **D** (leiðtogi leiðir samræður teyma um aðferðir og skipulag)	46	44	0	
Fjöldi þátttakenda	**11**	**9**	**9**	

	Eru á góðri leið 60 – 84% svara á alltaf við eða lang oftast
	85 – 100% svara á alltaf við eða lang oftast – er lokatakmarkið

Vorið 2024
22 hvítir reitir, 12 gulir og 3 grænir
Vorið 2025
23 hvítir reitir, 6 gulir og 8 grænir
Vorið 2026
26 hvítir, 10 gulir og 1 grænn
Markmið er að flestir reitir verði grænir og er aukning á grænum á milli ára.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar/mars

1. Hvernig hefur þér liðið með að byrja nýjan vetur?
2. Hvað hefur gengið vel fyrstu vikurnar?
3. Er eitthvað sem hefur verið krefjandi eða óljóst hingað til?
4. Hvernig upplifir þú vinnuálagið og jafnvægið milli kennslu og annarra verkefna?
5. Finnst þér þú hafa nægan stuðning frá stjórnendum og samstarfsfólki?
6. Er eitthvað sem vantar upp á í kennsluefni, búnaði eða aðstöðu?
7. Hvernig gengur samstarfið og upplýsingaflæðið innan skólans?
8. Er eitthvað sem gæti stutt þig betur í starfinu eða bætt kennsluna?
9. Hefur þú áhuga á námskeiðum eða starfsþróun í vetur, og ef svo er – á hvaða sviði?
10. Er eitthvað sem þú vilt sérstaklega koma á framfæri eða ræða sem ekki hefur komið upp?

Almennt virðist starfsfólk vera ánægt í starfi, það upplifir stuðning frá samstarfsfólki og skólastjórnendum, upplýsingaflæði er gott og nægur búnaður til staðar.
Húsnæðisaðstaða var það eina sem upp á vantaði en þar sem breytingar hafa orðið á því er ekki ástæða til að setja það í umbótaáætlun.

Umbótaáætlun

	Aðgerðir til umbóta	Tímabil	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat Hvenær/ hvernig
Starfsmannakönnun MSHA vegna leiðsagnarnáms				
Niðurstöður úr sjálfsmati kennara sýna að markviss vinna með leiðsagnarnám hefur skilað aukningu á grænum reitum frá 2024 til 2025, en árið 2026 fækkar grænum reitum aftur og fleiri reitir eru metnir hvítir. Markmið skólans er að fjölga grænum og gulum reitum á kostnað þeirra hvítu, þannig að sjálfsmatið endurspegli aukna innleiðingu og festu í vinnubrögðum leiðsagnarnáms.	Til að ná því markmiði verður áfram lögð áhersla á sameiginlega faglega þróun kennara, reglulega ígrundun á kennsluháttum og miðlun góðra starfshátta. Einnig verður unnið markvisst með einstaka þætti leiðsagnarnáms í teymum með það að markmiði að fleiri kennarar telji sig hafa innleitt þá þætti að fullu og að hlutfall grænna reita aukist á næstu árum.	2026-2027	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2027 Könnun frá MSHA
Nemendakönnun Skólapúls				
Stjórn á eigin lífi, 6-10.b	Markmiðasetning og sjálfsmat. Nemendur setji sér 1-2 persónuleg námsmarkmið í upphafi hverrar lotu.Regluleg sjálfsmatssamtöl þar sem þeir meta eigin framfarir.Áhersla á spurningarnar: Hvað gekk vel? Hvað lærði ég? Hvert er næsta skref? Ávinningur: Nemendur upplifa að þeir hafi áhrif á eigið nám.	2026-2027	Kennarar	Vor 2027 Skólapúls

	Nemendastýrð foreldraviðtöl, nemendur kynni eigin markmið, verkefni og framfarir. Kennari styður en nemandinn leiðir samtalið. Ávinningur: Styrkir sjálfstraust og ábyrgð á eigin námi.	2026-2027		2026-2027 Skólapúls
Efla lestraráhuga og ánægju með skólann hjá núverandi 4. bekk	Regluleg frjálslestrarstund, aukið val og áhrif nemenda. Bekkjarfundir með áherslu á jákvæð samskipti. Nemendur kynni bækur fyrir samnemendum og taki þátt í einföldum lestrarverkefnum sem byggja á áhugasviðum þeirra.	2026-2027	Kennarar og stuðningsfulltrúar	2026-2027 Skólapúls
Íslenska æskulýðsrannsóknin				
Svefn og skjátími	Styrkja samstarf heimilis og skóla um svefn og skjánotkun. Leggja fyrir könnun meðal barna, senda upplýsingapóst á foreldra. Flétta svefinn inn í stærðfræði/tölfræði	2026-2027	Umsjónakennarar og skólastjórnendur	Vor 2027 Íslenska æskulýðs-rannsóknin
Kvíði	Kenna nemendum bjargráð við kvíða, streitu og áhyggjur, t.d. slökun, núvitund og öndunaræfingar. Tryggja að nemendur viti hvert þeir geta leitað innan skólans ef þeim líður illa.	2026-2027	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2027 Íslenska æskulýðs-rannsóknin
Áfengisnotkun	Auka forvarnir, fá samfélagslögreglu	2026-2027	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2027 Íslenska æskulýðs-Rannsóknin

Aðrir þættir				
Aukin vitund um „farsæld barna“ og „jákvæðan aga“	Markmiðið var að kynna betur hlutverk tengiliðar og vekja athygli á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Stjórnendateymi leik- og grunnskóla fjallaði um málið á teymisfundi og ákvað að halda áfram að nýta facebook síður skólanna til að setja inn upplýsingar um farsæld barna. Einnig var ákveðið að auka vitund um Jákvæðan aga með sama hætti.	2026-2027	Skólastjórnendur	
Ástundartextar á Mentor	Bæta við textum, t.d. vantar útiföt, vantar íþróttaföt, skilgreina betur „óvirkur í tíma“ og „truflun í tíma“	Haustönn 2026	Kennarar og skólastjórnendur	Vor 2027 Skráningar á Mentor skoðaðar og bornar saman við fyrri tímabil